

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 10.11.2022  
Málsnúmer: 202210-0018  
IAS/OKV

**Efni: Umsögn vegna tilkynningu um stækkun á Skaganámu og losun umframefnis í hafið.**

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 12. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um tilkynningu um fyrirhugaða stækkun á Skaganámu og losun umframefnis í hafið, í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér greinagerðina með tilkynningunni og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar.

Til stendur að stækka Skaganámu í Seyðisfirði og að þar verði heimilt að vinna allt að 350 000 m<sup>3</sup>. Hluti efnisins verður notað í snjóflóðavarnargarða en annað í aðrar framkvæmdir í Seyðisfirði. Skaganáma var samþykkt árið 2021 með breytingatillögu á aðalskipulagi 2010-2030. Þar er gert ráð fyrir 30 000 m<sup>3</sup> efnistöku úr Skaganámu vegna snjóflóðavarnargarða.

Í ljós hefur komið að mikið af því efni sem var til staðar á framkvæmdasvæðinu er ónothæft í varnargarða og því þarf að flytja allt að 150 000 m<sup>3</sup> af efni í burtu og stendur til að losa það út í sjó við Hafsíld í Seyðisfirði. Jafnframt er þörf á mun meiri efnistöku úr Skaganámu og er nú unnið að breytingu á aðalskipulagi. Náman er talin hentug þar sem hún er nálægt framkvæmdasvæðinu og engin verndarsvæði eða takmarkanir á landnotkun eru á námusvæðinu. Ekki er skoðuð nein önnur staðsetning fyrir efnistöku.

Efni hefur áður verið losað í sjóinn við Hafsíld en þar var 70 000 m<sup>3</sup> af skriðuefni sturtað í sjóinn veturinn 2021 sem neyðarráðstöfun eftir skriðurnar sem féllu í desember 2020. Losunarstaðurinn er nú talinn ákjósanlegur þar sem svæðið er þegar raskað og þar hefur jarðefni verið losað áður. Losunarstaðurinn er innan svæðis sem skilgreint er sem hafnarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Ekki er skoðaður neinn annar staður fyrir losun efnisins.

Gera verður ráð fyrir að ásýndaráhrif námunnar verði mun meiri þegar teknir verða 350 000 m<sup>3</sup> í stað 30 000 m<sup>3</sup>. Flatarmál námunnar á samt aðeins að fara úr 2 ha í 2,3 ha og því verður farið mun dýpra en áður var áætlað. Bergstálið við vesturhluta námunnar verður því hátt sem gerir frágang námunnar erfiðari. Ofan námunnar eru hallamýrar sem gætu verið starungsmýravist eða tjarnarstararflóavist sem hafa mjög hátt verndargildi enda gróskumiklar vistgerðir og jarðvegur með miklum kolefnisforða. Fyrri námavinnsla hefur þó raskað þessu landi og rýrt verndargildi mýrlendisins. Við frágang námunnar skal þess gætt að ágengar tegundir nái ekki fótfestu og dreifi úr sér.

Hægt er að fallast á niðurstöðu skýrsluhöfunda um að stækkun námunnar sé líkleg til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á ásýnd og landslag. Sama verður að segja um áhrif á jarðmyndanir, þó að ekki sé um að



ræða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar er það alltaf neikvætt þegar að þetta mikið efni er tekið og manngert landslag kemur í stað náttúrulegra jarðmyndana.

Erfiðara er að taka undir að áhrif losunar á allt að 150 000 m<sup>3</sup> umframefnis í sjóinn við Haf síld hafi óveruleg áhrif á vistgerðir í fjöru. Ekki kemur fram hvort kannað hafi verið hvaða áhrif losun á 70 000 m<sup>3</sup> af skriðuefni árið 2021 hafði á vistgerðir og á lífríkið almennt umhverfis losunarstað. Ef þessi áhrif eru ekki þekkt er ekki rétt að nota þau rök að botninum hafi þegar verið raskað og í lagi sé að losa tvöfalt meira efni. Náttúrufræðistofnun telur að skoða ætti hvort aðrir losunarstaðir komi til greina, t.d. hvort hægt væri að nota hluta efnisins til að ganga frá Skaganámu.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur